



**Ákvörðun nr. 20/2007 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan
markaðsstyrk og álagningu kvaða á smásölumarkaði fyrir
lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7), heildsölumarkaði
fyrir lúkningahluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkaði
fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14)**

Póst og fjaraskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. fjaraskiptalaga nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum nr. 78/2005 og 39/2007, greint smásölumarkað fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7), heildsölumarkað fyrir lúkningahluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkað fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14). Með bréfi, dags. 15. júní 2006, voru drög að greiningu á mörkuðum 7, 13 og 14 send til fjarskiptafyrirtækja og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og niðurstöðurnar. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin: Síminn hf., Fjarski ehf., Og fjarskipti ehf (Vodafone) og Samkeppniseftirlitið. Greining á mörkuðum 7, 13 og 14 var uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina, auk þess sem öll tölfræði var uppfærð í samræmi við nýjustu tölur.

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2007, tilkynnti PFS til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markaði 7, 13 og 14, ásamt viðaukum, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. laga um Póst- og fjaraskiptastofnun nr. 69/2003 og tilmæli ESA um tilkynningu skv. 7. gr. rammatilskipunar¹. Með bréfi, dags. 26. mars 2007, barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. ESA benti á að landfræðileg skipting á markaði 14 þyrfti að vera studd viðeigandi tölfræðilegum gögnum. Hins vegar taldi ESA að skipting PFS á markaði 14 í tvo landfræðilega markaði breytti ekki þeirri niðurstöðu að Síminn væri með umtalsverðan markaðsstyrk á báðum mörkuðum. Ennfremur benti ESA á að niðurstöður um kvaðir sem leggjast ættu á Símann væru þær sömu þrátt fyrir landfræðilega skiptingu markaðs 14. Hins vegar bauð ESA PFS að safna saman og greina tölfræði, sérstaklega verðupplýsingar, fyrir markað 14 til að styðja niðurstöður um landfræðilega skiptingu á markaði 14. Í ljósi þess að niðurstöður greiningar á markaði 14 eru þær sömu hvort sem landfræðileg afmörkun markaðarins er landið allt eða höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin telur PFS ekki nauðsynlegt að endurskoða niðurstöður sínar um landfræðilega afmörkun á markaði 14 að svo stöddu. PFS mun hins vegar taka tillit til framangreindrar athugasemdar ESA þegar greining á markaði 14 verður endurskoðuð.

Á aðalfundi Símans hf. þann 15. mars 2007 samþykktu hluthafar félagsins skipulagsbreytingar á samstæðu Símans hf. Nú hefur verið stofnað sérstakt móðurfélag, Skipti hf., kt. 460207-0880, sem fer með eignarhald á dótturfyrirtækjum sem fara með

¹ Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um tilkynningar, fresti og samráð sem kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (nr. 193/04/COL), EES-viðbætur nr. 21, frá 27.4.2006 (íslensk útgáfa).

aðra starfsemi Símasamstæðunnar. Undir Skipti hf. heyrir nú Míla ehf., kt. 460207-1690, sem sér um rekstur fjarskiptanetsins, Síminn hf., kt. 500269-6779, sem einnig hefur fjarskiptastarfsemi með höndum og Fasteignafélagið Jörfi ehf., kt. 460207-1260. Fjarskiptarekstur samstæðunnar skiptist nú aðallega á milli Símans hf. og Mílu ehf.

Að mati PFS hefur þessi skipulagsbreyting á samstæðu Símans engin áhrif á greiningu á mörkuðum 7, 13 og 14 að öðru leyti en því að ákvörðun þessi beinist að tveimur félögum í samstæðunni, Mílu ehf. og Símanum hf. eftir því sem við á, í stað þess að beinast eingöngu að Símanum hf. eins og var fyrir umrædda skipulagsbreytingu. Móðurfélagið Skipti hf. og dótturfélögin Síminn hf. og Míla ehf. eru í eigu sömu aðila og áttu Símann hf. fyrir skipulagsbreytinguna, þannig að eignarhaldið er það sama auk þess sem stjórnunar- og fjárhagsleg tengsl milli þessara félaga eru ótvíræð. PFS lítur svo á að mat á markaðsstyrk samstæðunnar á fjarskiptamarkaði, þ.á.m. leigulínumarkaði, hafi ekki breyst þó ákveðnar rekstrareiningar séu nú reknar sem dótturfélög. Staða fjarskiptafélaga sem tilheyra Skiptum hf. verður því metin sem ein heild.

Vegna ofangreindra skipulagsbreytinga taldi PFS nauðsynlegt að upplýst yrði með skýrum hætti hvaða félag eða félög færu með stjórn á þeirri þjónustu sem félli undir framangreinda markaði, í samræmi við markaðsskilgreiningu stofnunarinnar í greiningu á ofangreindum mörkuðum. Óskað var eftir umræddum gögnum með bréfi til Símans, dags. 3. apríl s.l., en svörin reyndust ófullnægjandi. Með bréfi til Símans, dags. 20. apríl s.l., óskaði PFS eftir upplýsingum um það hvort Síminn eða Míla réði yfir og seldi aðgang að ATM neti og IP(MPLS) neti. Í svarbréfi Símans hf., dags. 4. maí s.l., komu heldur ekki fram fullnægjandi upplýsingar um þessi atriði. Því ákvað PFS að senda Símanum og Mílu bréf, dags. 20. júní s.l., þar sem fyrirhuguð ákvörðun var boðuð m.t.t. áðurgreindra skipulagsbreytinga.

Í síðastgreindu bréfi PFS til félaganna kom fram að stofnunin teldi að fyrrgreindar skipulagsbreytingar hefðu ekki áhrif á markaðsstyrk samstæðunnar. Því ætti sú greining sem fram fór á markaðsstyrk Símans fyrir skipulagsbreytinguna ennþá við að fullu leyti. Það væri skoðun stofnunarinnar að samstæða þeirra fyrirtækja sem áður var Síminn hefði ennþá umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum og hefði stofnunin því í hyggju að útnefna fyrirtækin með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum og leggja á þau þær kvaðir sem fram komu í drögum að ákvörðun sem send var ESA til umsagnar þann 23. febrúar 2007. Þá kom fram að fengi PFS ekki skýrari upplýsingar en áður um hvar rekstur einstakra flutningsmiðla og samskiptareglna færi fram væri stofnuninni nauðugur sá kostur að leggja kvaðir á markaði 13 og 14 á bæði fyrirtækin í sameiningu. Þá hygðist PFS leggja kvaðir á Símann einan á markaði 7.

Engar athugasemdir bárust frá Mílu en athugasemdir bárust frá Símanum með bréfi, dags. 27. júlí s.l. Það var mat PFS að athugasemdirnar gæfu ekki tilefni til að breyta framangreindum lokadrögum að ákvörðun um markaði 7, 13 og 14 og er þeim því svarað sérstaklega í viðauka E.

Samkvæmt svörum Símans er ljóst að bæði Síminn og Míla bjóða þjónustu á mörkuðum 13 og 14 eins og PFS hefur skilgreint þá þjónustumarkaði. Flutningsmiðlarnir eru hjá Mílu og samskiptareglurnar hjá Símanum. Því er ljóst að bæði félög verða útnefnd með

umtalsverðan markaðsstyrk á mörkuðum 13 og 14 og leggjast sömu kvaðir á bæði félög á umræddum mörkuðum, í samræmi við fyrirhugaða ákvörðun PFS, dags. 20. júní s.l., þar sem eigna- og fjárhagsleg tengsl félaganna eru ótvíræð. Upplýsingar þessar leiða því ekki til breytinga á markaðsgreiningu á mörkuðum 7, 13 og 14, sbr. viðauka A.

Greining á mörkuðum 7, 13 og 14 er að finna í viðauka A með ákvörðun þessari. Athugasemdum sem bárust í kjölfar birtingu frumdraga er svarað í viðauka B með ákvörðun þessari. Upplýsingar um markaðshlutdeild fyrirtækja á mörkuðum 7, 13 og 14 er að finna í viðauka C og álit ESA í viðauka D. Loks má finna niðurstöður úr aukasamráði í viðauka E.

1. Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk

Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á mörkuðum 7, 13 og 14 og í samræmi við 2. mgr. 17. gr., sbr. 18. gr. fjarskiptalaga, hefur PFS ákveðið að útnefna Símann hf., kt. 500269-6779, með umtalsverðan markaðsstyrk á;

- Smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7).

Ennfremur hefur PFS ákveðið að útnefna Símann hf., kt. 500269-6779 og Mílu ehf. kt. 460207-1690, með umtalsverðan markaðsstyrk á eftirfarandi mörkuðum:

- Heildsölumarkaði fyrir lúkningahluta leigulína (markaður 13).
- Heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14), bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

2. Álagning kvaða

Í samræmi við 27. gr. fjarskiptalaga hefur PFS ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf. og Mílu ehf. vegna útnefningar fyrirtækjanna með umtalsverðan markaðsstyrk á framangreindum mörkuðum. Að mati PFS eru þessar kvaðir bæði í samræmi við þau markmið sem fram koma í ramma-, aðgangs- og alþjónustutillskipunum ESB og ákvæðum fjarskiptalaga og viðeigandi fyrir það tímabil sem gert er ráð fyrir að líði þar til viðkomandi markaðir verða greindir aftur. PFS telur að kvaðirnar séu til þess fallnar að auka samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Varðandi nánari umfjöllun um kvaðirnar þá vísar PFS til uppfærðar greiningar á mörkuðum 7, 13 og 14, sbr. viðauka A.

2.1 Kvaðir á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum

PFS hefur ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf., kt. 500269-6779, á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum.

2.1.1 Aðgangur að leigulínum

Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Símann hf. að veita aðgang að þeim leigulínum sem taldar eru upp hér fyrir neðan. Slíkur aðgangur skal

standa til boða um allt land. Síminn hf. skal tryggja að sú þjónusta, sem hefur verið í boði, standi áfram til boða í hæfilegan tíma og einungis er heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur og með fyrirfram samþykki PFS. Ef fella á niður þjónustu skal tilkynna hlutaðeigandi notendum um fyrirhugaðar breytingar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 6 mánuðum fyrir áætlaða breytingu.

Línur fyrir gagnaflutning án endabúnaðar

- Grunnlína 2ja víra án endabúnaðar.
- Grunnlína 4ja víra án endabúnaðar.

Hliðrænar línur innan svæða

- Hliðræn lína, 2ja víra fyrir tal
- Hliðræn lína, 4ja víra fyrir tal

Stafrænar línur á milli og innan sírstöðvar svæða með endabúnaði

- Stafræn lína 64 Kbita.
- Stafræn lína 128 Kbita.
- Stafræn lína 256 Kbita.
- Stafræn lína 512 Kbita.
- Stafræn lína 2 Mbita.

2.1.2 Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Símann hf. að gæta jafnræðis við sölu á leigulínum á smásölumarkaði. Síminn hf. skal veita öllum kaupendum á leigulínum þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum. Síminn hf. skal haga starfsemi sinni með þeim hætti að Síminn hf. haldi trúnaði um upplýsingar sem fram koma við sölu leigulína. Óheimilt er að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um væntanleg kaup þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum sbr. 26. gr. fjarskiptalaga.

2.1.3 Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. um gagnsæi og að útbúa og birta upplýsingar um gjaldskrá fyrir viðkomandi leigulínum, tæknilega eiginleika, afgreiðsluskilmála og birta bókhaldsupplýsingar fyrir leigulínusvið sitt.

2.1.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. um bókhaldslegan aðskilnað. Síminn hf. skal aðgreina milli heildsölu annars vegar og smásölu hins vegar. Símanum hf. ber að afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir allar þjónustur á smásölustigi fyrir viðkomandi markað ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Jafnframt skal Síminn hf. afhenda PFS árlega álitserð óháðs aðila um framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði. Birta skal álitserðina á heimasíðu félagsins eins fljótt og unnt

er eftir að reikningsári lýkur. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist stofnuninni fyrir 1. apríl ár hvert fyrir árið á undan.

Við framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði skal Síminn hf. færa bókhald sitt á þann hátt að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Aðskilið bókhald grundvallast á meginreglunni um orsakasambengi, þ.e. kostnaði og tekjum skal skipt niður á þá þjónustu eða vörur sem skapa kostnaðinn eða tekjurnar. Kostnaði við rekstur neta og/eða þjónustu skal deilt niður á rekstrareiningar með verkgrundaðri kostnaðargreiningu sem byggir á þeirri aðferð að greina kostnað eftir aðgerðum sem framkvæmdar eru í viðkomandi rekstrareiningu. Þetta kallar á viðeigandi og nákvæmar aðferðir við kostnaðarskiptingu. Sá hluti kostnaðarins sem ekki er hægt að skipta á grundvelli beinnar eða óbeinnar kostnaðarskiptingar, þ.e. kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði skal merktur sérstaklega í bókhaldi Símans hf.. Aðgreiningu í bókhaldi skal háttáð með tilliti til tekna, kostnaðar, eigna og skulda fyrir mismunandi þjónustur leigulína á heildsölu- og smásölustigi.

2.1.5 Kvöð um eftirlit með gjaldsskrá

Með heimild í 32. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð á Símann hf.. kvöð um eftirlit með gjaldskrá vegna lágmarksframboðs af leigulínunum. Síminn hf. skal gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í smásölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn hf. geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að Síminn hf. komi á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur þ.e. orsakasambengi. Síminn hf. skal afhenda PFS lýsingu á slíku kostnaðarbókhaldi fyrir leigulínur í smásölu og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Síminn hf. skal skila skýrslu frá óháðum endurskoðunaraðila til PFS um að samræmi sé milli lýsingar félagsins til PFS um hvernig kostnaði sé skipt og framkvæmdar í kostnaðarbókhaldskerfi þess. Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá fyrir leigulínur í smásölu er sett það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Símans hf. skuli vera tilkynntar til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

2.2 Kvaðir á heildsölumarkaði fyrir lúkningahluta leigulína

PFS hefur ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf., kt. 500269-6779 og Mílu ehf. kt. 460207-1690, á heildsölumarkaði fyrir lúkningahluta leigulína (markaður 13).

Eftirfarandi leigulínur falla undir viðkomandi markað:

	Núverandi flutningshraðar
IP – MPLS	256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6Mb/s, 10 Mb/s, 100Mb/s
Frame Relay	64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s, 512 kb/s, 1 Mb/s, 2 Mb/s
Ethernet	2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s, 8 Mb/s, 10 Mb/s, 20 Mb/s, 48 Mb/s, 100 Mb/s

SDH/PDH, einnig hliðrænar línur (hefðbundar leigulínur)	64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 45 Mb/s, 155 Mb/s, 622 Mb/s.
Svartur ljósleiðari	Óskilgreint

Samkvæmt þeim upplýsingum sem PFS fékk í bréfi frá Símanum hf., dags. 27. júlí 2007, er hluti leigulína á þessum lista rekinn af Símanum hf. og hluti af Mílu ehf., þ.e. Míla ehf. rekur þær leigulínur (SDH/PDH, Ethernet) og það sem telst til flutningsmiðla á markaði 13 og Síminn hf. rekur aðrar leigulínur á markaði 13 (IP/MPLS, Frame Relay).²

2.2.1 Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti

Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. kvöð um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang fyrir lúkningahluta leigulína og þjónustu á heildsölustigi. Síminn hf. og Míla ehf. skulu m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu og opinn aðgang að tæknissniðflötum, samskiptareglum og annarri tækni, og samtengingu neta. Samningum um aðgang og samtengingu við leigulínunet Símans hf. og Mílu ehf. skal ljúka innan eðlilegra tímamarka og án óþarfa tafa. Aðgang sem Síminn hf. og Míla ehf. hefur áður veitt öðrum, hvort sem er með framboði á leigulínunum eða með aðgangi að aðstöðu, má ekki draga til baka nema með samþykki PFS. Síminn hf. og Míla ehf. skulu tryggja að sú þjónusta, sem hefur verið í boði, standi áfram til boða í hæfilegan tíma og einungis er heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur og með samþykki PFS. Ef þjónusta er lögð niður skal tilkynna hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækjum um fyrirhugaðar breytingar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 6 mánuðum fyrir áætlaða breytingu.

2.2.2 Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um að gæta jafnræðis á heildsölumarkaði fyrir lúkningahluta leigulína, bæði hvað varðar verð og önnur skilyrði. Síminn hf. og Míla ehf. skulu veita öllum kaupendum á leigulínunum, þ.m.t. hvoru öðru og eigin deildum, þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum í framboði á hröðum, flutningsmiðlum og samskiptareglum. Síminn hf. og Míla ehf. skulu senda PFS gjaldskrá fyrir alla hraða og alla samskiptareglur og staðfesta að engin munur

² Í tilefni af þeim skipulagsbreytingum sem voru gerðar á samstæðu Símans og lýst er í viðauka A með bréfi þessu (greining á mörkuðum 7, 13 og 14), óskaði PFS, með bréfi dags. 3. apríl 2007, eftir upplýsingum um hvaða félög innan samstæðunnar færu með þá þjónustuþætti, sem PFS telur falla undir markaði 7, 13 og 14. Í svari Símans hf., dags. 18. apríl 2007, kom fram að Míla ehf. seldi leigulínur á heildsölumarkaði fyrir stofnlínu- og lúkningahluta leigulína. Fram kom í svarinu að því til grundvallar lægi sá málalíbúnaður sem stafað hefði frá Símanum á fyrri stigum málsins og sérstaklega var vísað til athugasemda Símans, dags. 5. september 2006. Þar sem Síminn hefur viljað afmarka heildsölumarkaði leigulína á annan hátt en PFS hefur gert í þessari greiningu er ekki ljóst af svari Símans, dags. 18. apríl 2007, hvort allir flutningsmiðlar og samskiptareglur sem PFS telur falla undir markað 13 séu reknar af Mílu ehf. PFS kallaði eftir frekari skýringum á þessu með bréfi til Símans, dags. 20. apríl 2007, og gaf svarfrest til 25. apríl 2007. Svar barst 4. maí 2007 og þar segir að Síminn hf. selji aðgang að ATM neti og IP(MPLS) neti í smásölu, en ekki var skýrt nánar hvort Síminn reki þjónustuna að öllu leyti. PFS sendi svo Símanum og Mílu bréf, dags. 20. júní s.l., þar sem félögunum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þá fyrirhuguðu ákvörðun stofnunarinnar að útnefna bæði félög með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 13 og leggja kvaðir á bæði félögin. Ekkert svar barst frá Mílu en svar Símans er dagsett 27. júlí s.l.

sé á afgreiðslu við innri deildir eða milli fyrirtækjanna og ytri aðila. Síminn hf. og Míla ehf. skulu haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sé í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Fyrirtækjunum er óheimilt að afhenda hvoru öðru upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um væntanleg kaup, ásamt því sem þeim er óheimilt að afhenda öðrum slíkar upplýsingar, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækjanna, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

2.2.3 Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um gagnsæi. Síminn hf. og Míla ehf. skulu útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtengingu leigulína og upplýsingar um aðgang að lúkningahluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. um gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála. Síminn hf. og Míla ehf. skulu einnig birta bókhaldsupplýsingar um afkomu í lúkningahluta leigulína í samvinnu við PFS.

2.2.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um bókhaldslegan aðskilnað. Slíkur aðskilnaður skal fela í sér að lágmarki að annars vegar heildsala og hins vegar smásala leigulína sé bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Símans hf. og Mílu ehf. og verð innan fyrirtækjanna, milli þeirra og innan samstæðu þeirra skal vera gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Símanum hf. og Mílu ehf. ber að afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir allar þjónustur á smásölustigi fyrir viðkomandi markað ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Jafnframt skulu Síminn hf. og Míla ehf. afhenda PFS árlega álitsgerð óháðs aðila um framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði. Birta skal álitsgerðina á heimasíðu Símans hf. og Mílu ehf. eins fljótt og unnt er eftir að reikningsári lýkur. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Símans hf. og Mílu ehf. ekki fullnægjandi áskilur PFS sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari bókhaldslegan aðskilnað.

Við framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði skulu Síminn hf. og Míla ehf. færa bókhald sitt á þann hátt að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Aðskilið bókhald grundvallast á meginreglunni um orsakasamhengi, þ.e. kostnaði og tekjum skal skipt niður á þá þjónustu eða vörur sem skapa kostnaðinn eða tekjurnar. Kostnaði við rekstur neta og/eða þjónustu skal deilt niður á rekstrareiningar með verkgrundaðri kostnaðargreiningu sem byggir á þeirri aðferð að greina kostnað eftir aðgerðum sem framkvæmdar eru í viðkomandi rekstrareiningu. Þetta kallar á viðeigandi og nákvæmar aðferðir við kostnaðarskiptingu. Sá hluti kostnaðarins sem ekki er hægt að skipta á grundvelli beinnar eða óbeinnar kostnaðarskiptingar, þ.e. kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði skal merktur sérstaklega í bókhaldi Símans hf. og Mílu ehf. Aðgreiningu í bókhaldi skal háttað með tilliti til tekna, kostnaðar, eigna og skulda fyrir mismunandi þjónustur leigulína á heildsölu- og smásölustigi.

2.2.5 Kvöð um eftirlit með gjaldsskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um eftirlit með gjaldskrá vegna lúkningahluta leigulína. Síminn hf. og Míla ehf. skulu halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn hf. og Míla ehf. geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. orsakasamhengi. Síminn hf. og Míla ehf. skulu afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi lúkningahluta leigulína og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá fyrir leigulínur setur PFS það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá Símans hf. og Mílu ehf. skuli vera tilkynntar til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með fyrirfram samþykki PFS.

2.3 Kvaðir á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína

PFS hefur ákveðið að leggja eftirfarandi kvaðir á Símann hf., kt. 500269-6779 og Mílu ehf. kt. 460207-1690 á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14).

Eftirfarandi leigulínur falla undir viðkomandi markað:

	Núverandi flutningshraðar
IP – MPLS	256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 4 Mb/s, 6Mb/s, 10 Mb/s, 100Mb/s
ATM	2 Mbit/s upp í 155 Mbit/s
Ethernet	2 Mb/s, 4 Mb/s, 6 Mb/s, 8 Mb/s, 10 Mb/s, 20 Mb/s, 48 Mb/s, 100 Mb/s
SDH/PDH , einnig hliðrænar línur	64 kb/s, 128 kb/s, 256 kb/s, 512 kb/s, 2 Mb/s, 45 Mb/s, 155 Mb/s, 622 Mb/s.
DWDM	Óskilgreint
Svartur ljósleiðari	Óskilgreint

Samkvæmt þeim upplýsingum sem PSF fékk í bréfi frá Símanum hf., 27. júlí 2007, er hluti leigulína á þessum lista rekinn af Símanum hf. og hluti af Mílu ehf., þ.e. Míla ehf. rekur þær leigulínur (SDH/PDH, DWDM og Ethernet) og það sem telst til flutningsmiðla á markaði 14 og Síminn hf. rekur þær leigulínur sem teljast til samskiptareglna á markaði 14. (IP/MPLS og ATM)³

³ Í tilefni af þeim skipulagsbreytingum sem voru gerðar á samstæðu Símans og lýst er í viðauka A með bréfi þessu (greining á mörkuðum 7, 13 og 14), óskaði PFS, með bréfi dags. 3. apríl 2007, eftir upplýsingum um hvaða félög innan samstæðunnar færu með þá þjónustuþætti, sem PFS telur falla undir markaði 7, 13 og 14. Í svari Símans hf., dags. 18. apríl 2007, kom fram að Míla ehf. seldi leigulínur á heildsölumarkaði fyrir stofnlínu- og lúkningahluta leigulína. Fram kom í svarinu að því til grundvallar lægi sá málatalibúnaður sem stafað hefði frá Símanum á fyrri stigum málsins og sérstaklega var vísað til athugasemda Símans, dags. 5. september 2006. Þar sem Síminn hefur viljað afmarka heildsölumarkaði leigulína á annan hátt en PFS hefur gert í þessari greiningu er ekki ljóst af svari Símans, dags. 18. apríl 2007, hvort allir flutningsmiðlar og samskiptareglur sem PFS telur falla undir markað 14 séu reknar af Mílu ehf. PFS kallaði eftir frekari skýringum á þessu með bréfi til Símans, dags. 20. apríl 2007, og gaf svarfrest

2.3.1 Kvöð um að veita aðgang að leigulínuneti

Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að stofnlínuhluta leigulína og þjónustu á heildsölustigi. Síminn hf. og Míla ehf. skulu m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu, opinn aðgang að tæknissniðflötum, samskiptareglum og annarri tækni, og samtengingu neta. Samningum um aðgang og samtengingu við leigulínunet Símans hf. og Mílu ehf. skal ljúka innan eðlilegra tímamarka og án óþarfa tafa. Aðgang sem Síminn hf. hefur áður veitt öðrum, hvort sem er með framboði á leigulínum eða með aðgangi að aðstöðu, má ekki draga til baka nema með samþykki PFS. Síminn hf. og Míla ehf. skulu tryggja að sú þjónusta, sem hefur verið í boði, standi áfram til boða í hæfilegan tíma og einungis er heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutaðeigandi notendur og með samþykki PFS. Ef þjónusta er lögð niður skal tilkynna hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækjum um fyrirhugaðar breytingar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 6 mánuðum fyrir áætlaða breytingu.

2.3.2 Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um að gæta jafnræðis á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, bæði hvað varðar verð og önnur skilyrði. Síminn hf. og Míla ehf. skulu veita öllum kaupendum á leigulínum, þ.m.t. hvoru öðru og eigin deildum, þjónustu með sambærilegum skilmálum, verðum og gæðum í framboði á hröðum, flutningsmiðlum og samskiptareglum. Síminn hf. og Míla ehf. skulu haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sé í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Fyrirtækjunum er óheimilt að afhenda hvoru öðru upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um væntanleg kaup, ásamt því sem þeim er óheimilt að afhenda öðrum slíkar upplýsingar, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækjanna, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

2.3.3 Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um gagnsæi. Síminn hf. og Míla ehf. skulu útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtengingu leigulína og upplýsingar um aðgang að stofnlínuhluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. um gjaldskrá, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála. Síminn hf. og Míla ehf. skulu einnig birta bókhaldsupplýsingar um afkomu í stofnlínuhluta leigulína í samvinnu við PFS.

2.3.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann hf. og Mílu ehf. um bókhaldslegan aðskilnað. Slíkur aðskilnaður skal fela í sér að lágmarki að annars vegar heildsala og hins vegar smásala leigulína sé bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri. Heildsöluverð Símans hf. og Mílu ehf. og verð milli fyrirtækjanna og innan fyrirtækjanna og samstæðu þeirra skal vera gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Símanum hf. og Mílu ehf. ber að afhenda PFS árlega

til 25. apríl 2007. Svar barst 4. maí 2007 og þar segir að Síminn hf. selji aðgang að ATM neti og IP(MPLS) neti í smásölu, en ekki var skýrt nánar hvort Síminn reki þjónustuna að öllu leyti. PFS sendi svo Símanum og Mílu bréf, dags. 20. júní s.l., þar sem félögunum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þá fyrirhuguðu ákvörðun stofnunarinnar að útnefna bæði félög með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 14 og leggja kvaðir á bæði félögin. Ekkert svar barst frá Mílu en svar Símans er dagsett 27. júlí s.l.

sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir allar þjónustur á heildsölu- og smásölustigi fyrir viðkomandi markað ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Jafnframt skulu Síminn hf. og Míla ehf. afhenda PFS árlega álitserð óháðs aðila um framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði. Birta skal álitserðina á heimasíðu Símans hf. og Mílu ehf. eins fljótt og unnt er eftir að reikningsári lýkur. Ofangreind yfirlit þurfa að hafa borist stofnuninni fyrir 1. apríl ár hvert fyrir árið á undan. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Símans hf. og Mílu ehf. ekki fullnægjandi áskilur PFS sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari bókhaldslegan aðskilnað.

Við framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði skulu Síminn hf. og Míla ehf. færa bókhald sitt á þann hátt að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Aðskilið bókhald grundvallast á meginreglunni um orsakasamhengi, þ.e. kostnaði og tekjum skal skipt niður á þá þjónustu eða vörur sem skapa kostnaðinn eða tekjurnar. Kostnaði við rekstur neta og/eða þjónustu skal deilt niður á rekstrareiningar með verkgrundaðri kostnaðargreiningu sem byggir á þeirri aðferð að greina kostnað eftir aðgerðum sem framkvæmdar eru í viðkomandi rekstrareiningu. Þetta kallar á viðeigandi og nákvæmar aðferðir við kostnaðarskiptingu. Sá hluti kostnaðarins sem ekki er hægt að skipta á grundvelli beinnar eða óbeinnar kostnaðarskiptingar, þ.e. kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði skal merktur sérstaklega í bókhaldi Símans hf. og Mílu ehf. Í reglugerð nr. 960/2001 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja er kveðið nánar um framkvæmd á bókhaldslegum aðskilnaði. Aðgreiningu í bókhaldi skal háttáð með tilliti til tekna, kostnaðar, eigna og skulda fyrir mismunandi þjónustur leigulína á heildsölu- og smásölustigi.

2.3.5 Kvöð um eftirlit með gjaldsskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð á Símann hf. og Mílu ehf. kvöð um eftirlit með gjaldsskrá vegna stofnlínuhluta leigulína. Síminn hf. og Míla ehf. skulu halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið innan eins árs frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markað. Til að Síminn hf. og Míla ehf. geti sýnt fram á að gjaldsskrá fyrir ákveðna tegund þjónustu eða vöru taki mið af kostnaði er nauðsynlegt að koma á fót kostnaðarbókhaldi sem fangar, ber kennsl á, metur og dreifir viðkomandi kostnaði á þær þjónustur eða vörur í samræmi við viðurkenndar reglur, þ.e. um orsakasamhengi. Síminn hf. og Míla ehf. skulu afhenda PFS lýsingu á kostnaðarbókhaldinu varðandi stofnlínuhluta leigulína og birta helstu kostnaðarflokka og reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Síminn hf. og Míla ehf. skulu skila til PFS skýrslu frá óháðum aðila um að samræmi sé milli lýsingar félaganna til PFS á því hvernig kostnaði sé skipt og framkvæmdar í kostnaðarbókhaldskerfi þeirra. Til að fylgjast með breytingum á gjaldsskrá telur PFS rétt að setja það skilyrði að allar breytingar á gjaldsskrá Símans hf. og Mílu ehf. þurfi að tilkynna til PFS og munu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

3 Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún verður birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 14. september 2007.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – greining á mörkuðum 7, 13 og 14

Viðauki B – niðurstöður úr samráði vegna markaða 7, 13 og 14

Viðauki C - markaðshlutdeild fyrirtækja á mörkuðum 7, 13 og 14

Viðauki D – álit ESA

Viðauki E – niðurstöður úr aukasamráði vegna markaða 7, 13 og 14

Afrit til:

Samkeppniseftirlitið

ESA